



Sjálfsmatsskýrsla Nesskóla  
júní 2011

**VISKA – VIRÐING - VINÁTTA**

## Efnisyfirlit

1 - Inngangur .....	3
2 - Nesskóli.....	3
2.1 Einkenni stofnunar .....	3
2.2 Staða skólans í samfélaginu .....	5
2.3 Hlutverk skólans og meginmarkmið .....	5
3 - Matið .....	5
3.1 Forsendur sjálfsmats.....	5
3.2 Matstæki .....	6
3.3 Matshópur.....	6
3.4 Framkvæmd matsins .....	6
3.5 Fimm ára áætlun.....	7
4 – Kannanir .....	8
4.1 Foreldrakönnun .....	8
4.2 Starfsmannakönnun .....	8
4.3 Nemendakönnun.....	8
4.4 Nemendakönnun.....	8
4.5 Aðrar kannanir.....	8
Foreldraviðtöl .....	8
4.6 Helstu niðurstöður .....	9
Foreldrakönnun 13. október .....	9
Starfsmannasamtöl .....	9
Teymishópar.....	9
5 – Lokaorð .....	10

## 1 - Inngangur

Þessi skýrsla sem nú lítur dagsins ljós er í raun fyrsta opinbera sjálfsmatsskýrsla Nesskóla. Mat á skólastarfi hefur þó farið fram allar götur síðan 1998 en formleg opinber skýrsla hefur ekki komið áður út. Í skýrslunni er gerð stutt grein fyrir skólastarfi Nesskóla og með hvaða hætti skólastarf er metið, áætlanir gerðar um styrkingu og viðhald sterkra þátta og leiðum til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Í viðauka eða fylgiskjöllum með skýrslunni má síðan finna spurningalista nokkurra kannanna sem lagðar voru fyrir og einnig niðurstöður í myndrænu formi.

## 2 - Nesskóli

### 2.1 Einkenni stofnunar

Nesskóli er heildstæður grunnskóli í Neskaupstað, austasta byggðarkjarna Fjarðabyggðar. Húsnæði skólans er að stofni til 3 einingar. Elsti hlutinn var tekinn í notkun 1930 en stærsti hluti skólans er þó nýbygging sem tekin var að fullu í notkun 2004. Hver bekkjardeild hefur sína heimastofu, list- og verkgreinar hafa allar sína sérstöku aðstöðu og tölvuverið er með 20 tölvum. Nýtt íþróttahús var tekið í í notkun í Neskaupstað 1994 og er það staðsett rétt norðan við skólann. Sundkennsla fer fram í sundlaug bæjarins en hún er í 500 m. fjarlægð, nær miðbænum. Félagsmálum eldri nemenda er sinnt að langmestu leyti af Félagsmiðstöðinni Atóm, sem rekin er af Fjarðabyggð.

Stöðugildi við stjórnun eru tæp þrjú sem fjórir stjórnendur sinna. Skólastjóri í 100% stjórnunarstarfi, aðstoðarskólastjóri í 85% og 2 deildarstjórar í 50% starfi hvor.

Í vetur voru starfsmenn skólans 52. Grunnskólakennarar voru 25, leiðbeinendur voru 9, námsráðgjafi, tveir þroskaþjálfarar starfa við skólann, skólaritari er í 50% starfi, starfsmaður á bókasafni í 50% starfi, húsvörður í 100% starfi, matráður sá um mötuneytið í samvinnu við skólaliða, en maturinn er aðkeyptur, skólaliðar er annast þrif og gæslu í frímínútum voru 7, skólahjúkrunarfræðingur var í 20% starfi, starfsmenn skólasels voru 3 og síðan voru 2 stuðningsfulltrúar.

Í Nesskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkennisorðum skólans.

### ***Viska – virðing – vinátta***

Í skólanum viljum við læra eitthvað nýtt, helst á hverjum degi, nýja visku sem við nýtum í leik og starfi um ókomna framtíð. Við viljum að allir beri virðingu fyrir sjálfum sér, virðingu hvert fyrir öðru og virðingu fyrir umhverfinu. Vinátta er öllum ómetanleg og getum við búið að henni alla ævi.

Olweusarverkefnið gegn einelti og andfélagslegri hegðun hefur verið hluti af skólastarfinu s.l. 4 ár. ART, Aggression Replacement Training, er einnig notað í nokkrum hópum innan skólans. ART er þjálfunaraðferð sem byggir á hugrænni atferlismótun og var þróuð með það að markmiði að taka á tilfinninga- og hegðunarvanda fólks, einkum barna og ungmenna. Í vetur hófst síðan innleiðing uppeldisstefnunnar „uppeldi til ábyrgðar“, en hún verður innleidd í alla grunnskóla Fjarðabyggðar.

### **Nemendur:**

Við lok skólaársins 2010 - 2011 voru nemendur skólans samtals 211. Nemendur skiptust í bekkjardeildir þannig:

1. bekkur 23 nemendur – tvær bekkjardeildir
2. bekkur 14 nemendur – ein bekkjardeild
3. bekkur 22 nemendur – ein bekkjardeild
4. bekkur 19 nemendur – ein bekkjardeild
5. bekkur 26 nemendur – tvær bekkjardeildir
6. bekkur 25 nemendur – ein bekkjardeild
7. bekkur 18 nemendur – ein bekkjardeild
8. bekkur 12 nemendur – ein bekkjardeild
9. bekkur 21 nemendur – ein bekkjardeild
10. bekkur 31 nemendur – tvær bekkjardeildir

## 2.2 Staða skólans í samfélaginu

Skólinn er í góðu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu og nýtur hann velvilja þegar hann leitar eftir samvinnu. Í því sambandi má geta náms- og starfsfræðslu hjá 10.bekk, en þar eru um tuttugu fyrirtæki og stofnanir virk í því að taka á móti nemendum einu sinni í viku allan veturinn. Húsnæði skólans er nýtt til ýmissa hluta, t.d. námskeiða-, samkomuhalds, og gistingar. Samstarf foreldra og skólans er oftast að frumkvæði skólans og hefur helst dafnað í kringum ákveðna viðburði í skólalífinu. Foreldrafélag og foreldraráð eru starfandi við skólann. Skólinn er því lifandi þátttakandi í samfélaginu og meðlimir þess virðast líta á hann sem valkost til ýmissa hluta annarra en eingöngu að mennta börn á grunnskólaaldri.

## 2.3 Hlutverk skólans og meginmarkmið

Hlutverk skólans samkvæmt Grunnskólalögum í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Í skólanámskrá birtist meginstefna skólans eða sýn, þar sem fram kemur að starfsfólk Nesskóla leggur áherslu á í öllu sínu starfi með nemendum að efla þá sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga, sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér annt hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun.

## 3 - Matið

### 3.1 Forsendur sjálfsmats

Í gildandi lögum um grunnskóla er kveðið á um sjálfsmat í skólum. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum menntamála-  
ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert. Eftirlit með sjálfsmati skóla hefur nú verið flutt frá ráðuneytinu til sveitarfélaganna sjálfra.

Upplýsingar og leiðbeiningar um sjálfsmat má finna á vef ráðuneytisins,

<http://www.menntamalaraduneyti.is/malaflokkar/menntamal/grunnskolar/matoguttekir/nr/3525>

### **3.2 Matstæki**

Til eru ýmis forrit, könnunarkerfi og spurninga gagnagrunnar sem skólar nota við gerð sjálfsmats. Sjálfsmatsteymi Nesskóla hefur hinsvegar farið þá leið að semja sínar spurningar sjálf.

### **3.3 Matshópur**

Í sjálfsmatsteymi Nesskóla í vetur voru Eysteinn Þór Kristinsson deildarstjóri, G. Stefanía Freysteinsdóttir kennari og Halldóra Guðrún Hákonardóttir leiðbeinandi. Hlutverk hópsins er m.a. að stýra matsvinnunni, gera framkvæmdaáætlun og vinna úr upplýsingum, þ.e. að sjá um alla úrvinnslu og skýrslugerð.

### **3.4 Framkvæmd matsins**

Í tengslum við fyrri foreldraviðtalsdag vetrarins, í október s.l., var lögð viðhorfskönnun fyrir foreldra. Í nóvember var lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkjar eineltiskönnun Olweusar. Eftir áramót var síðan lögð viðhorfskönnun fyrir alla nemendur skólans og í vor fengu kennarar að gefa sitt mat á aðstöðumálum skólans. Að auki unnu síðan kennarar skólans í teymishópum að ýmsum verkefnum (sjá kafla 4 um kannanir).

### 3.5 Fimm ára áætlun

## Áætlun um sjálfsmat 2010 - 2015

S.l. haust var samin viðmiðunaráætlun til næstu fimm ára um viðfangsefni sjálfsmats.

Í töflunni hér að neðan má sjá þessa áætlun.

Viðfangsefni sjálfsmats	2010 - 2011	2011 - 2012	2012 - 2013	2013- 2014	2014 - 2015
Skólanámskrá t.d. stefna, markmið, inntak náms og námsmat	x	x			x
Starfsáætlun t.d. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta	x			x	
Nám og námsárangur	x	x			
Nemendur t.d. líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	x	x	x	x	x
Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska			x		
Starfsfólk t.d. líðan, þarfir, starfsandi og samstarf			x		
Stjórnun			x		
Viðmót og menning skóla	x				
Aðbúnaður	x			x	
Samstarf heimila og skóla	x			x	
Ytri tengsl t.d. önnur skólastig og nærsamfélagið	x			x	
Umbótaaðgerðir/þróunarstarf		x	x	x	x

Niðurstöður kannana og sjálfsmatsskýrslur skólans eru birtar á netinu í gagnasafni á heimasíðu skólans, [www.nesskoli.is](http://www.nesskoli.is). Þessi háttur er hafður á svo umhverfissjónarmið séu í hávegum höfð. Þetta er því ein leið skólans að settu marki á leið til umhverfissvænni skólabrags.

## 4 – Kannanir

Í mati á skólstarfi er mikilvægt að fá upplýsingar frá sem flestum sem að skólstarfinu koma á hverju ári. Í vetur voru lagðar kannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur. Einnig vinna kennarar teymisvinnu á hverjum vetri þar sem afmarkaðir þættir skólstarfsins eru skoðaðir.

### 4.1 Foreldrakönnun

Almenn viðhorfskönnun um skólann var lögð fyrir foreldra í október. Könnunin var lögð fyrir á foreldraviðtalsdegi. Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti: um skólann, um líðan nemenda, um mötuneytið, um nám og kennslu, um foreldrasamstarf og að lokum um aðbúnað í skólanum. Þátttaka í könnuninni var mjög góð en svör við spurningunum voru almennt á bilinu 175 – 180. Á heimasíðu skólans er hægt að sjá niðurstöðu könnunarinnar.

### 4.2 Starfsmannakönnun

Í tengslum við starfsmannaviðtöl skólustjóra voru innheimt spurningablöð þar sem könnuð var afstaða starfsfólks til aðstöðu í skólanum. Spurt var um: vinnuaðstöðu, vinnufrið í vinnuaðstöðu, viðhorf til búnaðarmála skólans, námsgöng og bókasafn skólans. Einnig var starfsfólki gefinn kostur á að koma á framfæri öðru því er það teldi bæta aðbúnað við skólann. Niðurstöður má sjá í sérkafla sem aðgengilegur er á heimasíðu skólans [www.nesskoli.is](http://www.nesskoli.is).

### 4.3 Nemendakönnun

Hin árlega könnun Olweusar um einelti í skólanum var lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkjar í nóvember. Niðurstöður voru kynntar nemendum, starfsfólki og skólaráði.

### 4.4 Nemendakönnun

Í febrúar var lögð könnun fyrir alla nemendur skólans. Kannanirnar voru mismunandi eftir stigum skólans, þ.e. ein var lögð fyrir yngsta stigið (1. – 4. bekk), önnur fyrir miðstig (5. – 7. bekk) og að lokum fyrir unglingastigið (8. – 10. bekk), (sjá spurningalista á heimasíðu). Líðan nemenda var í öllum könnunum, einnig var spurt um tölvunotkun hjá öllum og hvort nemendur væru í mötuneyti skólans og viðhorf til þess. Á mið- og unglingastigi bættust síðan við spurningar um útivistartíma, vinnufrið í kennslustundum, notkun á Mentor, hvort nemendur noti samskiptasíðuna Facebook og um samskipti við starfsfólk skólans.

### 4.5 Aðrar kannanir

#### Foreldraviðtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittast að minnsta kosti tvisvar á skólaárinu til að ræða skólagöngu nemenda. Í þessum viðtölum eru frammistöðumarkmið sem skólinn hefur skilgreint (sjá skólanámskrá) höfð til grundvallar. Markmið þessara viðtala er að hlusta á raddir foreldra, upplýsa þá um gengi og stöðu barns þeirra. Niðurstöður viðtalanna eru

trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar.

### Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni að vetri. Þau eru trúnaðarmál skóla- og aðstoðarskólastjóra og starfsmanna og eru um allt sem snertir starfið en höfuðmarkmið þess er umbætur. Í því er ekki eingöngu litið til baka heldur einnig fram á veginn. Í starfsmannasamtali eru ekki dómur felldir, það snýst ekki um laun starfsmannsins og eru ekki einhliða frammistöðumat.

Niðurstöður þeirra eru færðar og farið með sem trúnaðarmál. Í lok hvers samtals gera starfsmaður og skólastjóri með sér samkomulag um aðgerðir sem snúa m.a. að markmiðum, verkefnum, fræðslu, starfs- og ábyrgðasviðs hvers og eins.

### Teymishópar

Á hverjum vetri eru starfandi nokkrir teymishópar sem líta á afmörkuð svið og undirbúa jafnvel jarðvegin fyrir sjálfsmatshópin. Í vetur voru starfandi eftirfarandi hópar:

Stærðfræðihópar á öllum stigum, íslenskuhópar á öllum stigum, stýrihópur fyrir *uppeldi til ábyrgðar*, lífsleikni- og upplýsingatæknihópur, Olweusarhópur og að lokum við í sjálfsmatshópnum.

Námshóparnir unnu allir að endurskoðun skólabókar og tengingu hennar við nýja aðalnámskrá grunnskólanna. Stýrihópur „*uppeldi til ábyrgðar*“ var kennurum til aðstoðar við innleiðingu stefnunnar, hópurinn mun halda því verki áfram á komandi skólaári.

### 4.6 Helstu niðurstöður

Eins og kom fram hér að framan er hægt að nálgast niðurstöður á heimasíðu skólans, m.a. í myndrænu formi. Hér verður þó gerð örstutt grein fyrir nokkrum punktum um könnunum.

#### Foreldrakönnun 13. október

Ánægjulegt var að sjá að um 90% foreldra/forráðamanna voru annaðhvort sammála eða frekar sammála fullyrðingunni „*ég er ánægð/ur með skólann*“. Einnig kom fram að foreldrar/forráðamenn eru í góðu samstarfi við umsjónarkennara (yfir 90%), þá er einnig almenn ánægja með upplýsingagjöf skólans. Heimilin virðast netvædd að mestu og notkun á Mentor og skoðun heimasíðu skólans kom vel út. Þegar litið er á þá þætti sem gagnrýndir voru má sjá að nokkur óánægja er með verð á mat í mötuneyti og einnig fannst foreldrum/forráðamönnum tómstundastarf við skólann ekki nógu gott.

## Eineltiskönnun í nóvember

Í samanburðartöflu má sjá að á síðustu fimm árum hefur einelti farið minnkandi og er það ánægjulegt. Einelti er þó alltaf neikvætt og stefnan er að sjálfsögðu að útrýma því alveg.

## Nemendakannanir í febrúar

Nemendakannanirnar voru þrískiptar, þ.e. ein fyrir hvert stig skólans.

Á yngsta stigi, 1. – 4. bekk kom líðan nemenda mjög vel út, 95% nemenda líður annaðhvort vel eða mjög vel í skólanum. Allir nemendur yngsta stigs hafa aðgang að tölvu heima fyrir og er þeim langflestum skammtaður tími í tölvuna.

Nemendum á miðstigi líður einnig vel í skólanum, niðurstaðan var svipuð og hjá þeim yngstu. Langflestir eru ánægðir á frímínútum eða 90%. Tölvunotkun er almenn en þegar komið er á miðstig slaknar á eftirfylgninni, flestir hafa frjálsan tíma. Yfir 50% nemenda sögðust hafa *Facebook* síðu. Ekki voru allir á eitt sáttir með vinnufrið í kennslustundum og vildu þó nokkrir hafa hann betri, en þegar spurt var um samskiptin innan bekkjarins, bekkjarandann, voru nemendur almennt ánægðir. Rúm 50% nemenda sögðust alltaf fara eftir reglum um útivistartíma.

Líkt og á yngri stigum skólans virðast unglिंगarnir sáttir með líðan sína í skólanum, yfir 90% svara að þeim líði vel eða mjög vel, samsvarandi niðurstaða er þegar spurt var um bekkjarandann og sögðu yfir 90% að samskiptin væru góð eða mjög góð. Ekki voru allir á því að fylgja reglum um útivist, um 35% nemenda sögðust ekki fara eftir þeim reglum. Samskipti við kennara og annað starfsfólk kom vel út. Nemendur 10. bekkjar voru spurðir um hvort þær ætluðu í framhaldsskóla og einungis einn var ekki viss, allir hinir ætluðu. Ekki voru allir á eitt sáttir við mötuneytið og þó nokkrir sleppa því að borða þó þau séu skráð. Yfir 50% nemenda á unglिंगastigi fer frekar sjaldan eða nánast aldrei inn í Mentor.

## 5 – Lokaorð

Hér að undan hefur verið fjallað um matsverkefni s.l. vetrar í Nesskóla. Eins og sjá má eru ýmsir þættir metnir reglubundið og aðrir eins og þörf þykir hverju sinni. Fyrst og síðast er tilgangurinn með mati á skólastarfi Nesskóla, að fá á hverjum tíma sem besta yfirsýn yfir sem flesta þætti skólastarfsins. Af niðurstöðunum ætlum við að draga lærdóm og byggja okkar úrbótaáætlun á þeim að miklu leyti. Með þeim hætti verða styrk- og veikleikar best metnir.

Næstu skref hljóta að vera enn frekari vinna með þær kannanir sem liggja fyrir og skipulag nýrra matsverkefna.

Neskaupstað júní 2011  
Fyrir hönd sjálfmatsteymis Nesskóla  
Eysteinn Þór Kristinsson  
Deildarstjóri